

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík



Dags eftirlits	12.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöðin Höfði	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Sævarhöfði 6 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5810962919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	362038,627 405923,675

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik komu fram við eftirlit og tvö eldri frávik haldast áfram opin. Nýja frávikid snýr að kolmónoxíð magni í útblæstri Benninghoven stöðvarinnar. Eldri frávikin eru vegna lágs útblásturshraða stöðvanna og eins vegna þess að árleg mæling í ViaNova stöðinni hefur ekki borist.

Ein ábending var gerð er varðar þrýstiprófun á niðurgrafinni olíulögn á milli geymis nr. 13521 og brennara í malbikunarstöðinni.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Malbikunarstöðina Höfða. Elín Ásgeirsdóttir, fulltrúi rekstraraðila, og Gottskálf Friðgeirsson voru viðstödd eftirlitið og Theodór Welding aðstoðaði okkur með upplýsingum um fyrirkomulag niðurgrafinna lagna og olíugeyma.

Starfsleyfið er nýlegt, gefið út 27. mars 2019 en með gildistíma til 31. desember 2022. Því er um tvö ár eftir af gildistímanum og vert að hafa í huga að meðferð umsóknar um starfsleyfi tekur alllangan tíma.

#### Boðuð dagskrá:

- Farið yfir stöðu frávika og ábendinga sem komið hafa fram í eftirlitum Umhverfisstofnunar.
- Kröfur í starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Byrjað var á skoðun. Gengið um verksmiðjuhlanið og upp að vélaverkstæði ofarlega í lóðinni áfram þvert yfir lóðina og að grjótmulningsstöð félagsins. Endað á aðalathafnasvæðinu á milli Benninghoven og ViaNova malbikunarstöðvanna.

Enn var verið að rífa og flokka úrgang sem varð til þegar kviknaði í birgðageymi félagsins þann 5. apríl sl. Bikgeymsla malbikunarstöðvarinnar en nú á Óseyrarbraut í Hafnarfirði og einungis einn af birgðageymum félagsins við Sævarhöfða (BT3) er í notkun og löndun asfalts (biks) og dæling þess frá bryggju við Sævarhöfða 33 er hætt. Dælingarlögn fyrir bik hefur verið aflögð og þarf að huga að því að fjarlægja hans.

Geymir nr. BT3 er 600 m<sup>3</sup> og stendur í þró. Hann er nú einungis notaður sem milligeymir og eins eru þrír smærri daggeymar (DT1, DT2 og DT3) við malbikunarstöðvarnar. Allir hafa verið þykktarmældir á síðustu tíu árum.

Díeselolíugeymar á svæðinu eru þrír, einn neyslugeymir við vélaverkstæðið með afgreiðsludælu. Vísað er í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi um kröfur til neyslugeyma, sjá grein 41. Helstu kröfur eru árekstrarvarnir, yfirfyllingarvörn og afgreiðsluþlan tengt olíuskilju. Afgreiðslubýssa skal vera með útsláttarbúnaði. Tveir húsageymar eru við malbikunarstöðvarnar, einn við hvora. Húsageymar eru beintengdir við stöðvarnar. Bent er á kröfu um öryggar árekstrarvarnir við geymana. Niðurgrafinn geymir (nr. 13521) var þykktarmældur síðast árið 2014 en þrýstiprófa þarf niðurgrafna olíulögn á milli hans og malbikunarstöðvarinnar.

Tveir lýsisgeymar eru á lóðinni (LO01 og LO02) eru á lóðinni en þeir hafa verið teknir út notkun sem og fræsiolíugeymir (HT01).

Gengið var upp að verkstæðisbyggingu stöðvarinnar en þar eru úrgangsgámar staðsettir. Enn er hægt að bæta umgengni á svæðinu þótt heldur þokist í áttina með tiltekt. Geymsla spilliefna var í ágætu lagi, þartilbúin kör með loki standa utandyra.

Ofarlega á svæðinu er svæði þar sem rekstraraðili hefur heimilað starfmönnum geymslu á vögnum, hjólhýsum og stöku bíl. Ekki verður amast við því hér þótt vakandi auga þurfi að hafa með svæðinu því geymslusvæði eiga til að breytast í ruslahauga.

Í frænnisli stöðvarinnar eru tvær olíuskiljur og neðan lóðar er settjörn Reykjavíkurborgar sem afrennsli lóðarinnar endar í. Fínefni og sandur sest til í settjörninni og endar því ekki út í Elliðaánum.

#### 1. Eldri frávik

Eldri frávik sem koma fyrir í eftirlitsskýrslum snúa að útblástur stöðvanna er ekki mældur árlega eins og starfsleyfið gerir kröfu um og einnig er útblásturshraða ónógur.

Samkvæmt ákvæði í grein 4.2 þá skal skila niðurstöðum mælinga á útblásturslofti árlega. Síðustu mælingar í

skorsteini ViaNova stöðvarinnar eru frá 2018. Frávikið er því enn opið.

Árið 2018 var skrifað upp frávik vegna lágs útblásturshraða í skorsteini. Þetta frávik er enn opið. Í september sl. þegar útblásturshraði Benninghofen stöðvarinnar var síðast mældur var hann um 14 m/s en í grein 3.5 í starfsleyfi er gerð krafa um 20 m/s (+/- 10%). Í ViaNova stöðinni er útblásturshraðinn (mæling frá 9. október 2018) einnig undir 20 m/s og því gildir það sama um þá stöð. Loftdreifilíkan sem sýnir fram á að 14 m/s geri sama gagn og 20 m/s hefur ekki borist stofnuninni.

## 2. Kröfur í starfsleyfi

Allar áætlunir sem kröfur eru um liggja fyrir. Rekstraraðili er að uppfæra áætlun um rekstur hreinsibúnaðar og ætla að skila uppfærðir áætlun að vörmu spori. Skýrslur og önnur gagnaskil hafa borist ef frá er taldar mælinganiðurstöður fyrir ViaNova stöðina (sjá ofar). Útblástursmæling var gerð í skorsteini Benninghofen stöðvarinnar þann 1. september sl. Losunarmörk (sjá grein 3.8 í starfsleyfi) fyrir ryk er 50 mg/Nm<sup>3</sup>, fyrir CO (kolmónoxíð) er það 500 mg/Nm<sup>3</sup> og fyrir NOx (köfnunarefni) eru losunarmörkin 400 mg/Nm<sup>3</sup>. Niðurstöðurnar sýna að útblástur er í lagi nema fyrir CO þar sem magn kolmónoxíðs er stöðugt yfir mælingartímann um 1200 mg/Nm<sup>3</sup>. Þar sem mörkin eru 500 mg/Nm<sup>3</sup> þá er þetta nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Rekstraraðili er að leita skýringa á þessu og hugmyndir eru um að skýringar sé að leita í blautum hráefnum eða stillingar á brennara.

Rekstraraðili nýtir uppfærast malbik í framleiðsluna en einungis í kaldri innmötun og mælir því ekki PAH-efni í útblæstri. Skráningar, sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi, voru aðgengilegar í eftirliti. Bráðamengunartrygging liggur fyrir. Tilkynningar berast, en eitt óhapp varð í vor þegar kviknaði í klæðningu á bikgeymi nr. 2 (BT2). Umhverfismarkmið liggja fyrir og umhverfisstjórnarkerfi hefur fengið endurvottun.

## 3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

Rætt var áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Niðurstöður áhættumats ársins 2019 fyrir Malbikunarstöð Höfða er að hún fær 17 stig og fellur í eftirlitsflokk B og fær þ.a.l. árlegt eftirlit.

Farið var yfir möguleika stöðvarinnar á að fækka stigum sínum í áhættumatinu. Möguleikarnir snúa að því að minnka efnamagn (bik og olíur) á starfssvæðinu og að ná kröfum starfsleyfisins fyrir efni í útblæstri og útblásturshraða. Áhættumatið er endurskoðað árlega.

## 4. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; **2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma** var afhent í eftirliti og óskað eftir að olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir. Unnið er að skráningu geymana.

Frávik frá	Lýsing á frávik
ákvæði í grein 3.8 Losunarmörk fyrir CO (kolmónoxíð) eru 500 mg/Nm <sup>3</sup>	Kolmónoxíð í mælingu á Benninghofen stöðinni sem gerð var 1. sept. sl. var 1201 mg/Nm <sup>3</sup>

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að þrýstimæla niðurgrafna olíulögn í lóðinni.

## ANNAÐ

Tvö eldri frávik eru enn opin, annars vegar vegna vegna lágs útblásturshraða stöðvanna og eins vegna þess að árleg mæling í ViaNova stöðinni hefur ekki borist síðan 2018.

Óskað verður eftir nýrri tímasettri útbótaáætlun vegna þeirra.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.12.2020



---

Gottskálk Friðgeirsson